

Fundur í Betadeild 23. október 2006
haldinn í Menntaskólanum á Akureyri

Dagskrá:

1. Setning fundar
 2. Fundargerð síðasta fundar lesin.
 3. Merkar konur. Kynning: Hanna og Guðrún
 4. Þankahrið um konu til að heiðra í tilefni af afmæli okkar.
 5. Kosning í nefndir vegna undirbúnings afmælisárs landsambandsins.
 6. Önnur mál.
 7. Skólastefna Akureyrar; Gunnar Gíslason, skólafulltrúi kynnir okkur nýja skólastefnu Akureyrarbæjar
 8. Happadrætti og kaffi.
-
1. María formaður setti fund og bar kveðjur frá þeim konum sem boðað höfðu forföll.
 2. Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt.
 3. Kynning á merkri konu. Hanna og Guðrún kynntu skáldkonuna Huldu, Unni Benediktsdóttur Bjarklind, f. 1881. Hún ólst upp á menningarheimili í Þingeyjarsýslu og vakti ung athygli fyrir ljóð sín.
 4. Efnt var til hugstormunar um konu til að heiðra í tilefni af afmæli deildarinnar. Voru Betasystur beðnar að rita eitt eða fleiri nöfn á miða og einnig gefinn kostur á að senda stjórn tillögur í tölvupósti. Mun stjórn deildarinnar síðan vinna úr þessari könnun.
 5. Nefndir vegna afmælisárs. María hóf umræðuna með því að tilkynna að komið hefði verið á framfæri við Landsambandsstjórn formlegri ósk um tveggja náttu gistitilboð í Reykholti á afmælisþinginu í vor. Betadeild þarf að skipa í nefndir vegna afmælishátíðarinnar. Stjórn lagði til að í nefnd um sögusýningu yrðu Ragnheiður Stefánsdóttir, Þórunn Bergs og Hanna Salómonsdóttir. Var það samþykkt. Enn vantar konur í sýningarnefnd til að setja á svið minningabrot deildar. Voru áhugasamar konur hvattar til að bjóða sig fram við stjórn Betadeildar. Fram komu hugmyndir um að hægt væri að nýta hugmyndir úr liðnum Orð til umhugsunar eða hafa tónlistaratriði. Rósa Kristín og Anna Þóra hafa boðist til að skrifa í fyrirhugað afmælisrit samtakanna. Fram kom að upplýsingar um starf Betadeildar verða enn um sinn á gömlu heimasíðunni þar sem sú nýja, sem kynnt var á síðasta fundi, er ekki tilbúin enn. Upplýsingar um styrki á vegum alþjóðasamtakanna verða settar á vefsíðuna, en umsóknarfrestur um íslenska styrki verður auglýstur í fréttabréfi.
 6. Önnur mál.
Fyrirspurn kom frá Margréti Kristínu hvort ekki væri hægt að gera kynningar á merkjum konum aðgengilegar á vefsíðu deildarinnar. Almennt var þetta talin góð hugmynd, en það yrði flytjendum kynninganna í sjálfsvald sett hvort þær birtust

með þessum hætti. Anna Þóra bætti við að hægt væri að halda kynningunum til haga og skila til Héraðsskjalasafns með öðrum gögnum deildarinnar.

Jóhanna þakkaði konum góð skil á félagsgjöldum.

7. Skólastefna Akureyrar. Gunnar Gíslason skólafulltrúi kynnti nýja skólastefnu Akureyrarbæjar. Hann útskýrði ferlið við mótun stefnunnar og hvaða hugmyndir lögju að baki. Að lokinni áhugaverðri kynningu Gunnars voru almennar umræður.
8. Happadrætti og kaffi. Anna Þóra, Ragnheiður Kjærnested og Rósa Kristín sáu um ljúffengar veitingar. Dregið var í happdrættinu og hlaut Ragnheiður Kjærnested vinninginn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Selma Hauksdóttir